

25.tbl.

13. júlí 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386

## Söngfélagið Sálubót nýtt upphaf

Sálubót er búin að ráða nýjan kórstjóra Guðlaug Viktorsson  
og ætlar að hefja starfsemi af fullum krafti í haust.

Æfingar verða kl 20:00 á þriðjudagskvöldum  
í Stórutjarnaskóla.

Tilvalið tækifæri fyrir fólk á öllum aldri að ganga í kórinn,  
pláss í öllum röddum.

Ný og spennandi verkefni framundan.

Frekari upplýsingar veita  
**Sigrún 899 1010**  
**Böðvar 856 1153**

Gámasvæðið á Stórutjörnum verður lokað fyrstu tvær  
vikurnar í ágúst, vegna sumarleyfa.  
Opnar aftur miðvikudaginn 17. ágúst .



## Fundargerð

### Sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags

06.07.2022

#### 4. fundur

Sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags haldinn í Skjólbrekku miðvikudaginn 06. júlí kl. 13:00

#### Fundarmenn

Gerður Sigtryggsdóttir, Eygló Sófusdóttir, Knútur Emil Jónasson  
Halldór Þorlákur Sigurðsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir  
Eyþór Kári Ingólfsson, Sigriður Hlynur Helguson Snæbjörnsson  
Sigurður Böðvarsson, Úlla Árdal

#### Starfsmenn

Jón Hrói Finnsson

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson

Dagskrá:

#### 1. Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir - 2206018

Kosnir voru fulltrúar í eftirtaldar nefndir, embætti og stjórnir:

Yfirkjörstjórn - þrír fulltrúar og þrír til vara

Fjallskilastjórar:

- Fjallskilastjóri Austurafréttar Mývatnssveit
- Fjallskilastjóri Vestur-Bárðdælaeildar
- Fjallskilastjóri Austur-Bárðdælaeildar
- Fjallskilastjóri Fnjóskdælaeildar
- Fjallskilastjóri Kinnardeilda
- Fjallskilastjóri Reykdælaeilda
- Fjallskilastjóri Aðaldælaeilda

Stjórn SSNE - einn fulltrúi í samstarfi við Grýtubakkahrepp

Landsþing SSNE - þrír fulltrúar og þrír til vara

Ársþing Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2 fulltrúar og tveir til vara.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyringa bs. 3 aðalfulltrúar og 3 varamenn.

Leiguibúðir Þingeyjarsveitar hses.

Atvinnuefling Þingeyjarsveitar ehf.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi skipun:

#### Yfirkjörstjórn

Ragnar Bjarnason formaður

Dagný Pétursdóttir, aðalmaður

Bjarni Höskuldsson, aðalmaður

Magnús Már Þorvaldsson, varamaður

Jóhanna Njálisdóttir, varamaður

Helgi Arnar Alfreðsson, varamaður

## **Fjallskilastjórar**

Halldór Árnason, Garði, Fjallskiladeild Mývatnssveitar  
Erlingur Ingvarsson, Sandhaugum, Vestur-Bárðdæladeild  
Magnús Skarphéðinsson, Svartárkoti, Austur-Bárðdæladeild  
Ketill Tryggvason, Hallgilsstöðum, Fnjóskdæladeild  
Ólafur Ingólfsson, Hlíð, Kinnardeild  
Snorri Már Snorrason, Brún, Reykdæladeild  
Böðvar Baldursson, Ystahvammi, Aðaldæladeild

## **Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga**

Gerður Sigtryggsdóttir, E-lista, aðalmaður  
Eyþór Kári Ingólfsson, E-lista, aðalmaður  
Árni Pétur Hilmarsson, K-lista, aðalmaður  
Knútur Emil Jónasson, E-lista, varamaður  
Hallþór Þ Sigurðsson, E-lista, varamaður  
Ragnhildur Hólín Sigurðardóttir, K-lista, varamaður

## **Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga (til bráðabirgða)**

Gerður Sigtryggsdóttir E-lista

Varamaður í stjórn SSNE

**Gerður Sigtryggsdóttir, E-lista, varamaður til 2023. Aðalmaður frá 2023-2025**

## **Aðalfundur/landsþing SSNE**

Gerður Sigtryggsdóttir, E-lista, aðalmaður,  
Knútur Emil Jónasson E-lista, aðalmaður  
Jóna Björg Hlöðversdóttir, K-lista, aðalmaður  
Eygló Sófusdóttir, E-lista, varamaður  
Eyþór Kári Ingólfsson, E-lista, varamaður  
Helgi Héðinsson, K-lista, varamaður

## **Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga**

Gerður Sigtryggsdóttir, E-lista, aðalmaður  
Helgi Héðinsson, K-lista, aðalmaður  
Eygló Sófusdóttir, E-lista, varamaður  
Jóna Björg Hlöðversdóttir, K-lista, varamaður

## **Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði.**

Einar Órn Kristjánsson aðalmaður, Anna Bragadóttir varamaður

Svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, norðursvæði

Aðalmenn: Anna Guðný Baldursdóttir og Árni Pétur Hilmarsson.  
Varamenn Kristinn Ingi Pétersson og Jóna Björg Hlöðversdóttir

Á þriðja fundi sveitarstjórnar var kosið í fastanefndir. Eftir kosningu kom í ljós að fyrsti varamaður E-lista í Íþróta- og tómstundanefnd er ekki kjör-gengur. Sveitarstjórn samþykkir að Unnsteinn Ingason taki sæti fyrsta varamanns í hans stað.

## **Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses.**

Skv. 5.gr. samþykktá félagsins skal fulltrúaráð skipað 4 fulltrúum. 3 skulu tilnefndir af Þingeyjarsveit, einn skal tilnefndur af leigjendum almenra íbúða í eigu húsnæðissjálfsseignarstofnunarinnar. Tilnefningar skulu vera til fjögurra ára. Fulltrúaráðið er ráðgefandi fyrir stjórn, skal fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa eftirlit með störfum stjórnar og framkvæmdastjóra.

Skv. 7.gr. samþykktá félagsins skal stjórn skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Stjórn er kosin af fulltrúaráði til 4 ára.

## **Atvinnuefling Þingeyjarsveitar ehf.**

Skv. Samþykktum er sveitarstjórn sjálfkjörin og sveitarstjóri framkvæmdastjóri. Gera þarf breytingu á 16.gr. samþykktá félagsins sem kveður á um 7 stjórnarmenn en þeir verða 9 í samræmi við fjölda sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórn tilnefnir enn fremur Eygló Sófusdóttur, Helga Héðinsson og Knút Emil Jónasson til setu í stjórn Leiguíbúða Þingeyjarsveitar. Vara-menn verða Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson, Gerður Sigtryggs-dóttir og Eyþór Kári Ingólfsson. Samþykkt

## **2. Framlög úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar - 2207003**

Verkefnastjóri hefur fundað með Jöfnunarsjóði um framlög vegna sameiningar. Framlög hafa verið reiknuð á grundvelli ársreikninga ársins og íbúa-þróun áranna 2017-2022. Samkvæmt útreikningum Jöfnunarsjóðs verða framlögin 552 m.kr. og greiðast út á 7 árum. Lagt er upp með að 20% framlaganna komi til greiðslu á fyrsta starfsári sveitarfélagsins og 20% á því næsta. Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði þarf að skila fram-vinduskýrslum til að fá framlögin greidd.

*Jóni Hróa falið að afla fyrirmynnda að fram vinduskýrslum skv. ábendingum starfsmanna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*

*Til máls tók Jón Hrói Finnsson.*

Lagt fram

## **3. Heimild til lántoku hjá Lánaþjóði sveitarfélaga - 2206070**

Í fjárhagsátlunum Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir töku nýrra langtímalána að fjárhæð 390 m.kr. á árinu.

Lagt er til að prókúruhafa verði veitt heimild til að sækja um og ganga frá samningi um lán að fjárhæð 200 m.kr. Verðtryggt lán til 17 ára með 1% fasta vexti.

Sigríður Hlynur benti á að skoða þurfi hvernig greiðslubyrði af láninu verður og tryggja að greiðslubyrði af láninu verði sveitarfélagini ekki of þung.

Gísla Sigurðssyni er veitt heimild til að semja við Lánaþjóð sveitarfélaga um 200 m.kr. lántoku. Lánaþamningur skal lagður fyrir sveitarstjórn til

Samþykktar.

Til málს tóku Sigríður Hlynur og Knútur Emil. Samþykkt

#### **4. Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - 2206052**

Lagt fram bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna ársreiknings fyrir árið 2021. Á fundi með starfsmönnum Jöfnunarsjóðs er um að ræða bréf sem sent er á mörg sveitarfélög og sem ekki krefst viðbragða af hálfu sveitarstjórnar.

Til málს tók Sigríður Hlynur. Lagt fram

#### **5. Vinnutímastytting kennara - 2206045**

Lögð fram útfærsla vinnutímastyttingarhóps Reykjavíðarskóla á vinnutímastyttingu kennara. Útfærslan var samþykkt á kennarafundi 1. júní 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umrædda útfærslu á vinnutímastyttingu kennara. Samþykkt

#### **6. Sumarlokun skrifstofa sveitarfélagsins - 2207004**

Skrifstofa Þingeyjarsveitar á Laugum hefur verið lokað í eina viku á sumri vikuna eftir verslunarmannahelgi sem í ár fellur á dagana 2.-5. ágúst. Skrifstofa Skútustaðahrepps hefur lokað í tvær vikur á sumri, vikuna fyrir og eftir verslunarmannahelgi þ.e. 25. júlí til 5. ágúst í ár.

Framkvæmdastjóri leggur til að sumarlokun skrifstofunnar á Laugum verði lengd í tvær vikur eftir Verslunarmannahelgi, þ.e. frá 2. ágúst til 12. ágúst. Gert er ráð fyrir að móttaka þeirrar skrifstofu sem er opin taki við öllum erindum og símtölum til að tryggja þjónustu í tvær vikur af þremur.

Til málს tóku: Jón Hrói, Sigríður Hlynur, Knútur Emil.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og leggur áherslu á að sumarlokunin verði auglýst á heimasíðum sveitarfélagsins og í Hlaupastelpunni. Samþykkt

#### **7. Ósk um heimild til tímabundinnar aukningar á starfshlutfalli - 2207007**

Verkefnastjóri sveitarstjórnar (Jón Hrói) óskar eftir heimild til tímabundinnar aukningar stöðuhlutfalls verkefnisstjóra á skrifstofu sveitarfélagsins úr 70% í 100% í þrjá mánuði eða þar til hlutverk viðkomandi starfsmanns í stjórnskipulagi sameinaðs sveitarfélags hefur verið skilgreint. Jafnframt er óskað eftir heimild til að hækka starfshlutföll starfmanni í móttöku í allt að tveimur stöðugildum tímabundið til þriggja mánaða.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umræddar heimildir og felur Jóni Hróa að ganga frá samningum við umrædda starfsmenn og/eða ráðningum.

Til málს tóku: Sigríður Hlynur, Jón Hrói, Sigurður, Ragnhildur og Úlla

Samþykkt

## **8. Verkefnastjórnun vegna sameiningarverkefna - 2206026**

Lögð fram verkefnatillaga frá KPMG sem gerir ráð fyrir því að Róbert Ragnarsson sem var ráðgjafi sveitarfélaganna í sameiningarferlinu, taki að sér stjórnun ýmissa verkefna sem leiða af sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga að tillögu KPMG og felur oddvita að ganga frá samningi. Sveitarstjórn leggur áherslu á að gengið sé frá samningum um einstök verkefni og gerðar áætlanir um þau.

Lagt er til að KPMG verði falið að gera tillögu að erindisbréfum fastanefnda fyrir fyrsta fund sveitarstjórnar eftir sumarleyfi.

Til málss tóku: Úlla, Jón Hrói, Sigríður Hlynur, Ragnhildur, Gerður, Sigurður og Knútur Emil.

Samþykkt með sjö atkvæðum, Úlla og Ragnhildur sitja hjá.

Samþykkt

## **9. SSNE - Boð um þátttöku í sameiginlegu verkefni í Hringrásarhagkerfi - 2206043**

Borist hefur erindi frá SSNE þar sem lagt er til að ráðist verði sameiginlega í þrjú verkefni þar sem niðurstaðan verði samræmd eða sameiginleg a) samþykkt um meðhöndlun úrgangs, b) samræmt útlit, uppsetning og einingar gjaldskráa sem standast kröfur "borgað þegar hent er" og c) samræmd útboðsgögn fyrir sorphirðupjónustu þannig að gögn byggi á sömu verklýsingum og ákvæðum þar sem það á við. Verkefnið getur síðan leitt til frekara samstarfs einstakra sveitarfélaga ef þau kjósa svo. Óskað er svara um það hvort Þingeyjarsveit muni taka þátt í verkefninu.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu. Sveitarstjórn felur Jóni Hróa að taka saman gögn um sorphirðu og úrgangsförgun, þ.m.t. samninga, kostnað og tölfraði um magn, endurvinnsluhlutfall o.þ.h. fyrir 1. fund umhverfisnefndar.

Til málss tóku: Knútur Emil, Sigríður Hlynur, Úlla og Sigurður Samþykkt

## **10. Reykjahlíðarskóli - Skólaakstur - 2005027**

Samningur um skólaakstur fyrir Reykjahlíðarskóla, sem gerður var til eins árs árið 2021, er runninn út. Lögð fram minnisblöð frá Tryggva Þórhalls-syni og Jóni Hróa Finnssyni um möguleika á framlengingu samnings um skólaakstur í Reykjahlíðarskóla næsta skólaár ásamt útreikningi á kostnaði. Lagt er til að Jóni Hróa verði falið að semja við samningshafa um framlengingu samningsins til eins árs á þeim forsendum sem kynntar eru í minnisblaði.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

Til málss tók Sigurður. Samþykkt

framlögð gögn og gera tillögu til sveitarstjórnar um framhald málsins.

Til málssíðu Sigurður, Knútur Emil og Sigríður Hlynur.

Samþykkt

## **16. Samstarfssamningur um almannavarnir - 2206015**

Almannavarnane fndin í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er skipuð bærstjórum/sveitarstjórum og oddvitum allra sveitarfélaga í umdæminu samkvæmt 2. gr. samstarfssamnings um almannavarnir í umdæmi LSNE. (ALNEY)

Að loknum sveitarstjórnarkosningum þann 14. maí sl. urðu/verða sveitarstjórárskipti í einhverjum sveitarfélaganna og einnig voru samþykktar saminingar einhverra sveitarfélaga í umdæminu.

Óskað eftir því að í þeim sveitarfélögum þar sem breytingar hafa orðið á skipan sveitarstjóra/sveitarfélaga að koma upplýsingum um meðfylgjandi samstarfssamning á framfæri innan sinnar stjórnsýslu.

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram

## **17. Seigla - Útboð - 2207008**

Tekin fyrir gögn vegna útboðs framkvæmda í Seiglu. Áætlað er að bjóða verkið út í tvennu lagi, annars vegar uppsteypa lyftustokks og lóðafrágang og hins vegar uppbyggingu innanhúss. Stefnt er að lokuðu útboði.

Framkvæmdir fyrra útboðs eru áætlaðar sumarið 2022 en seinna útboðs haust og vetur 2022-2023.

Sveitarstjórn ákvað með níu atkvæðum að loka fundi og fjalla um málið sem trúnaðarmál vegna viðskiptahagsmuna.

Sveitarstjórn samþykkir útboð verkhlutanna tveggja í samræmi við fyrilliggjandi gögn og felur starfsmönnum að bjóða út í samræmi við útboðsreglur og lög um opinber innkaup.

Fulltrúar E-lista óska eftir að eftirfarandi verði fært til bókar:

"Viðhorf E-listans til framkvæmda í Seiglu er að það hefði mátt gera betur við stefnumótun við nýtingu á Lítluaugaskóla. Svo virðist sem ekki hafi legið nein stefna til grundvallar önnur en að útbúa starfsmanna- og fundar-aðstöðu og svo eins margar skrifstofur eins og hægt er. Enn eru þó rými í kjallara hússins sem ekki hefur verið ráðstafað. Við styðjum engu að síður við þær framkvæmdir sem nú eru að hefjast er varða aðgengi og lóðarframkvæmdir. Þar sem á næstu vikum mun skyrast hvernig uppbyggingu stjórnsýslu verður háttáð í nýju sveitarfélagi þá teljum við jafnframt rétt að horfa til þess að húsnæðið nýtist sem best, miðað við þarfir sveitarfélagsins.

Mögulega hefur sveitarfélagið ekki not fyrir allt húsnæðið og þá verði með aðgangsstýringum hægt að koma í húsnæðið fleiri notendum, hvort sem það eru aðilar tengdir riki og sveitarfélagi, eða sjálfstætt starfsandi aðilar sem vilja vera með starfsemi í húsinu. Nauðsynlegt er að klára málið með

## **11. Verðfyrirspurn vegna skólaaksturs á á leið 4 - Aðaldalur norður - 2206069**

Sá aðili sem séð hefur um akstur á leið 4: Aðaldalur norður, hefur nú sagt upp sínum samningi frá og með 16. ágúst n.k. Því þarf að semja við annan aðila um akstur á þeirri leið skólaárið 2022-2023. Verðfyrirspurn var send á fjóra aðila. Einn skilaði tilboði.

Sveitarstjórn getur ekki gengið að tilboði bjóðanda að óbreyttu. Jóni Hróa falið að kanna hvort samningur við bjóðanda stenst þær reglur sem settar voru í upphaflegu útboði verksins og reglur sveitarfélagsins um skólaakstur, þ.e. Þingeyjarsveitar fyrir sameiningu. Sveitarstjórn felur Jóni Hróa jafnframt að kanna hvort hægt er að ná samningum við bjóðanda um lægra verð, að því tilskyldu að slíkt sé í samræmi við lög og reglur um innkaup. Náiist ekki samningar er Jóni Hróa falið að leita tilboða að nýju.

Til málს tóku Ragnhildur, Sigríður Hlynur, Sigurður, Jón Hrói og Knútur Emil.

Samþykkt

## **12. Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi - Fish&Chips Mývatni - 2206031**

Fish&Chips Mývatni hefur óskað eftir leyfi til að lengja afgreiðslutíma áfengis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að vínveitingaleyfi verði veitt frá kl. 11 til kl. 23. Samþykkt

## **13. Umhverfisstofnun; Samstarf og samráð - 2204024**

Lögð fram til kynningar drög að samstarfsáætlun Umhverfisstofnunar og Þingeyjarsveitar. Málið var áður í meðfórum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Jóni Hróa að endurvekja málið með erindi til Umhverfisstofnunar.

Til málს tóku Knútur Emil, Sigríður Hlynur, Sigurður og Gerður.

Lagt fram

## **14. Nýsköpun í norðri - staða verkefnis - 2207006**

Umræður um verkefnið Nýsköpun í norðri og stöðu verkefnisins. Lögð fram til kynningar skjöl um afrikstur verkefnisins.

Sveitarstjórn lýsir vilja til að halda verkefninu áfram. Lagt var til að skipaður verði starfshópur um framhald verkefnisins. Samþykkt að skipa Eyþór Kára, Knút Emil, Jónu Björgu og Helga í hópinn.

Til málს tóku: Ragnhildur, Gerður, Sigríður Hlynur og Knútur Emil.

Samþykkt

## **15. Náttúruvernd í norðri - 2207005**

Lögð fram til kynningar gögn um verkefnið Náttúruvernd í norðri, sem unnið var í tengslum við Nýsköpun í norðri.

Samþykkt að fela starfshópnum sem skipaður var undir 14. lið að fjalla um

það að markmiði að fjárfesting sveitarfélagsins sé í takt við þarfir þess".

Til málს töku: Sigríður Hlynur, Knútur Emil, Gerður, Ragnhildur, Sigurður, Halldór og Jón Hrói. Halldór vék af fundi áður en atkvæðagreiðsla fór fram. Samþykkt

### **18. Kálfaströnd leigusamningar - 2206023**

Borist hefur erindi frá RAMÝ þar sem óskað er eftir framlengingu leigusamnings um íbúðarhúsið á Kálfaströnd. Til staðar er leigusamningur sem gerður var á milli RAMÝ og fyrrí eiganda jarðarinnar. Síðasta endurnýjun fór fram 2020 og rennur sá samningur út 31.8.22. Málið var áður á dagskrá á 3. fundi 22. júní sl. en var frestað.

Sveitarstjórn samþykkir að gera leigusamning til eins árs. Leiguverð úr fyrrí samningi verði hækkað miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á tímabilinu 1. september 2021 til 1. júlí 2022. Jóni Hróa falið að ganga frá samningi við málsaðila.

Til málს töku: Sigríður Hlynur, Knútur Emil, Sigurður og Jón Hrói.

Samþykkt

### **19. Sala á landspildu úr jörð Kálfastrandar - 2207009**

Lagt fram minnisblað Tryggva Þórhallssonar um mögulega sölu á landspildu úr jörð Kálfastrandar.

Afgreiðslu frestað. Sveitarstjórn óskar eftir að frekari gögn verði lögð fyrir þegar málið verður tekið til afgreiðslu. Samþykkt með átta atkvæðum allra viðstaddir sveitarstjórnarmanna.

Samþykkt

### **21. Þjónusta Vegagerðarinnar við malarvegi í sveitarfélagini - 2207-011**

Tekið á dagskrá með afbrigðum með níu atkvæðum.

Lögð var fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar harmar hversu mikil það dregst á langinn að laga heimreiðar/héraðsvegi í sveitarfélagini á góðviðrisári eins og þessu. Að úrbætur skulu dragast fram í júnílok er algjörlega óviðunandi fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Að það skuli vera ákveðið að byrja á að laga og hefla hálandisvegi, á sama tíma og íbúar þurfa að keyra afar illa farna vegi daglega til að sækja vinnu og þjónustu, er með öllu ótækt.

Bókunin er samþykkt með átta atkvæðum. Jóni Hróa falið að koma bókunni á framfæri við Vegagerðina.

Samþykkt

## **20. Skipulagsnefnd - 1 - 2206008F**

Fundargerð 1. fundar skipulagsnefndar þann 23. júní 2022 var lögð fyrir sveitarstjórn á 4. fundi hennar þann 6. júlí 2022. Knútur Emil, varaformáður skipulagsnefndar gerði grein fyrir fundargerðinni. Sjá afgreiðslu sveitarstjórnar undir einstökum liðum. Samþykkt

### **2206034 - Kosning varaformanns í skipulagsnefnd**

Kynnt

### **2206038 - Kynning á hlutverki skipulagsnefndar**

Kynnt.

### **2201012 - Skógar í Fnjóskadal - beiðni um breytingu á aðalskipulagi**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og forsendur hennar verði kynntar íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á opnu húsi í samræmi við gr. 4.6.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### **2206001 - Jaðar lóð - nafnabreyting**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að nafni lóðarinnar Jaðars (L153773) verði breytt og lóðin heiti framvegis Gilsbakki.

### **2205011 - Vallholt - stöðuleyfi**

Kynnt.

### **2202010 - Litluvellir - umsókn um framkvæmdaleyfi til skógræktar**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að veita Huldu Rós Hilmarsdóttur framkvæmdaleyfi til skógræktar á jörðinni Litluvöllum í Bárðardal (landnr. 153505), að þeim skilyrðum uppfylltum að ef óþekkt votlendisvæði innan áætlaðs skógræktarsvæðis finnist verði ekki plantað í þau.

### **2205001 - Friðheimar - umsókn um byggingarleyfi**

Kynnt.

### **2206037 - Beiðni um heimild til deiliskipulagsgerðar við Herðubreiðalindir**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að heimila Vatnajökulsþjóðgarði að hefja vinnu við gerð deiliskipulagslýsingar í Herðubreiðarlindum innan þjóðlendunnar Ódáðahrauns (L222139) skv. 2.mgr. 38.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

### **2206036 - Beiðni um heimild til deiliskipulagsgerðar við Drekagil**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að heimila Vatnajökulsþjóðgarði að hefja vinnu við gerð deiliskipulagslýsingar fyrir Drekagil og Óskju innan þjóðlendunnar Ódáðahrauns (L222139) skv. 2.mgr. 38.gr

skipulagslaga nr. 123/2010.

**2205018 - Einarsstaðir 1 - lóðastofnun um rofahús Rarik**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum, stofnun lóðar út úr Einars-stöðum 1 (L153725) undir rofahús Rarik í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Byggingarfulltrúa er falið að annast málsmæðferð vegna hennar.

**2206039 - Deiliskipulag Hóla og Lauta**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að skipulags- og matslysing vegna deiliskipulagsgerðar við Hóla og Lautir frá Landslagi, dags. 16. júní 2022, verði kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og að leitað verði umsagna Skipulagsstofnunar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**2206040 - Umsókn um byggingarleyfi - Laugaból 2**

Kynnt.

**2206042 - Brettingsstaðir 1 og 2, lóðastofnun**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að fela byggingarfulltrúa að sjá um stofnun lóðanna þegar tilskilin gögn hafa borist.

**2205004 - Stofnun lóðar í landi Grímsstaða**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að vísa erindi um stofnun lóðar undir frístundahús að Flatskalla í landi Grímsstaða til vinnslutillögu að endurskoðun aðalskipulags Þingeyjarsveitar með tilliti til landnotkunar á svæðinu skv. gildandi aðalskipulagi og framtíðaráforma um uppbyggingu í sveitarféluginu.

**2206049 - Spennistöð í Reykjahlíðarþorpi**

Sveitarstjórn samþykkir með átta atkvæðum að vísa erindi um staðse-tningur spennistöðvar í Reykjahlíðarþorpi til vinnslutillögu að endur-skoðun aðalskipulags Þingeyjarsveitar með tilliti til landnotkunar á svæð-inu skv. gildandi aðalskipulagi og framtíðaráforma um uppbyggingu í sveitarféluginu.

**2206047 - Skýrsla skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa**

# **Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit**

## **Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags Hóla og Lauta við Lauga**

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir Hóla og Lautir við Lauga í Reykjadal. Um er að ræða 134,5 ha svæði þar sem gerð verður grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og mörkuð framtíðarstefna um áform á svæðinu.

Skipulagssvæðið nær yfir hluta af landi í eigu sveitarfélagsins á milli núverandi íbúðabyggðar vestan þjóðvegar nr. 1 og að Reykjadalsá. Svæðið nær yfir alla núverandi byggð við Kjarna ásamt fyrirhuguðu byggingarlandi sunnan við byggðina og vestan þjóðvegar. Afmörkun skipulagssvæðisins byggir á eldri gögnum en vinna hófst við skipulagningu svæðisins árið 2002 en fékk aldrei gildistöku.

Þegar vinna við gerð skipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslysingu koma fram áherslur sveitarstjórn við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrilliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaðilum.

Skipulagslysing, skv.1. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulags-laga nr. 123/2010, mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með mánudeginum 11. júlí til og með fimmtudeginum 11. ágúst 2022. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðum Þingeyjarsveitar.

Íbúar eru sérstaklega hvattir til þess að skila inn tillögum og á-bendingum sem nýtast við áframhaldandi vinnu. Ábendingar og athugasemdir við lýsinguna skulu berast til skrifstofu sveitar-félagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: atli@skutustaðahreppur.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.  
Atli Steinn Sveinbjörnsson,  
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps